

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 2010 í máli nr. E-6460/2009:

Guðmundur Ágúst Ingvarsson

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

Einari Óskarssyni

(Árni Ármann Árnason hrl.)

Haraldi Úlfarssyni

(Björgvin Jónsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 28. október sl., var þingfest 26. maí 2009.

Stefnandi er Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Lálandi 15, Reykjavík.

Stefndu eru Einar Óskarsson, Súlunesi 14, Garðabæ og Haraldur Úlfarsson, Laxakvísl 8, Reykjavík.

Dómkröfur

Stefnandi krefst þess að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum 32.181.237 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 4. janúar 2008 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess einnig að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum 1.729.978 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 25. febrúar 2009 til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi þess að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati héraðsdóms og að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til virðisaukaskatts vegna lögmannskostnaðar.

Stefndi, Einars Óskarsson, gerir þær kröfur aðallega að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Til vara að kröfur stefnanda á hendur stefnda Einari Óskarssyni verði stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina

að óverulegu leyti.

Í aðal- og varakröfu er gerð krafa um að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda Einari Óskarssyni málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda Haraldar Úlfarssonar, eru aðallega gerðar þær dómkröfur að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Til vara að kröfur stefnanda á hendur stefnda Haraldi Úlfarssyni verði stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti.

Bæði í aðal- og varakröfu, er gerð krafa um að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda Haraldi Úlfarssyni málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi auk 24,5% virðisaukaskatts á málskostnaðarfjárhæðina.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 12. maí 2010, var máli þessu vísað frá dómi án kröfu. Með dómi Hæstaréttar Íslands, uppkveðnum 16. júní 2010, var úrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Málavextir

Stefnandi og eiginkona hans gerðu, hinn 30. desember 2005, kaupsamning við einkahlutafélagið R. Sigmundsson ehf. þar sem þau seldu félaginu allt hlutfé í einkahlutafélagi sínu, Bliku rekstrarfélagi ehf. Aðaleign hins selda félags var 76,27% hlutur í Vélasölnunni ehf., Reykjavík. Samhliða kaupsamningi var gert sérstakt samkomulag milli aðila. Í 2. tl. samkomulagsins segir m.a. að við kaupsamning verði gerður samningur milli Vélasölnunnar og Guðmundar Ingvarssonar þess efnis að Guðmundur fái kauprétt að lóð sem Vélasölnunni kunnir að verða úthlutað. Lóðarumsókn lá þá fyrir hjá Faxaflóahöfnum. Skyldi stefnandi greiða sama verð fyrir lóðina, ef til kæmi, eins og Vélasalan ehf. þyrfti að greiða fyrir hana.

Samningar um þetta voru undirritaðir af stefndu fyrir hönd kaupandans. Hinn 17. janúar 2006 var stefndi Einar kosinn stjórnarformaður í Vélasölnunni ehf. og stefndi Haraldur meðstjórnandi. Stefndi Haraldur var þá einnig framkvæmdastjóri félagsins og prókúruhafi. Hinn 14. febrúar 2006 var tilkynnt að stjórn Faxaflóahafna hefði samþykkt að úthluta lóðinni að Klettagörðum 25 í Reykjavík til Vélasölnunnar ehf. og R. Sigmundsson ehf.

Hinn 26. febrúar 2006 tilkynnti stefnandi hinum stefndu með tölvupósti að honum væri kunnugt um úthlutun lóðarinnar og reiknaði með að nýta kauprétt sinn. Óskaði hann eftir upplýsingum um stærð lóðarinnar, kvaðir, verð og þess háttar. Stefndi Einar ritaði stefnanda bréf 17. apríl 2006. Þar vísar hann í tölvupóstinn frá Guðmundi og til símtala sem þeir hafi átt. Þar lýsir Einar þeirri skoðun að félagið sé óbundið af samkomulaginu varðandi lóðina og lýsir yfir að félagið muni ekki efna það.

Þessa ákvörðun sína kveða stefndu til komna vegna þess að endanlegur kaupsamningur hafi verið undirritaður 30. desember 2005 án þess að gerður væri framangreindur samningur við Vélasöluna ehf., eins og áður sé lýst. Júlíus Vífill Ingvarsson lögfræðingur hafi mætt með stefnanda við undirritun kaupsamnings, Júlíus Vífill hafi einnig verið stjórnarmaður í Vélasölnni á þessum tíma. Í bréfi Júlíusar Vífils til stefnda Einars sem dagsett sé 12. maí 2006 komi eftirfarandi fram hvað þetta varðar: *Við undirskrift kaupsamnings ræddu samningsaðilar hvort seljandi gæti yfirtekið byggingarrétt á lóð sem Vélasalan ehf. fengi úthlutað við Klettagarða. Varaði ég við því að úthlutun lóða lyti ákveðnum reglum, sem ég fór lauslega yfir á fundinum, og benti á að seljandi gæti ekki gengið að því vísu eða tryggt það að byggingarréttur verði framseldur honum þrátt fyrir samkomulag aðila þar um.*

Samningur á milli Vélasölnnar ehf. og Guðmundar Ingvarssonar, þess efnis að til Guðmundar yrði afsalað lóð sem Vélasölnni ehf. kynni að verða úthlutað, hafi því ekki verið gerður við kaupsamninginn. Í ljósi þess að umræddur samningur hafi aldrei verið gerður og þess að Júlíus Vífill hafi viðhaft framangreind orð á fundinum hafi stefndu ávallt litið svo á að framsal á lóðinni Klettagörðum 25 til stefnanda væri ólögmeitt.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að á þessum tíma hafi legið fyrir að félagin R.Sigmundsson ehf. og Vélasalan ehf. yrðu sameinuð. Hafi R. Sigmundsson ehf. leitað eftir því við Faxaflóahafnir sf. að fá úthlutað nýrri lóð við Fiskislóð í Reykjavík. Í þessu ferli hafi komið fyrirspurn frá Faxaflóahöfnum sf. um hvort félagin tvö sameinuð hefðu áhuga á að leggja inn endurnýjaða umsókn um að fá úthlutað lóðinni Klettagarðar 25, Reykjavík, en af hálfu Faxaflóahafna sf. væri litið svo á að forsendur væru fyrir úthlutun hennar til R. Sigmundssonar ehf. eftir sameiningu félaganna. Eins og stefnandi vísi í hafi legið inni hjá Faxaflóahöfnum sf. umsókn Vélasölnnar ehf. frá árinu 2004 um lóðina, en að mati Faxaflóahafna sf. hafi Vélasalan ehf. ein og sér ekki uppfyllt þær kröfur sem Faxaflóahafnir sf. gerðu varðandi starfsemi á lóðinni, en um sé að ræða 6.575 m² lóð. Í kjölfar ábendingar Faxaflóahafna sf. hafi stjórn R. Sigmundssonar ehf. sent erindi til Faxaflóahafna ehf. hinn 9. febrúar 2006 varðandi ósk um úthlutun umræddrar lóðar við Klettagarða 25, Reykjavík, undir húsnæði fyrir sameinaða starfsemi R. Sigmundssonar ehf. og Vélasölnnar ehf. Fram komi þar að hugmynd félagsins sé að byggja eigið húsnæði, um 3500-4000 fermetra á lóðinni undir sameinaða starfsemi, auk þess sem gerð sé grein fyrir starfseminni. Til útskýringar hér sé nauðsynlegt að geta aðeins um starfsemi félaganna, en R. Sigmundsson ehf. (stofnað árið 1940) hafi sérhæft sig í sölu og þjónustu til útgerðaraðila á siglinga-, fjarskipta- og fiskileitartækjum sem og sölu og þjónustu á landmælinga- og leiðsögutækjum. Vélasalan ehf. (einnig stofnað 1940) hafi starfað að milligöngu við innflutning, viðgerðir og endurbætur á fiskiskipum og hafi í því sambandi átt í samstarfi við pólska skipasmíðafyrirtækið Skipapol í Póllandi er hafi unnið að endurbótum á fiskiskipum. Einnig hafi starfsemin varðað innflutning og sölu á vatnabátum, sportbátum og búnaði í slíka báta og hafi fyrirtækið á þessu sviði verið stærst á Íslandi. Þá hafi það selt björgunarbúnað til nota um borð í skipum og bátum.

Eins og áður segir tilkynnti stjórn Faxaflóahafna sf. hinn 14. febrúar 2006 að samþykkt hefði verið að úthluta lóðinni Klettagörðum 25, Reykjavík til R.

Sigmundssonar ehf. og Vélasölnunnar ehf.

Stefndu halda því fram að í framhaldi af því hafi R. Sigmundsson ehf. óskað eftir lánaþyrirgreiðslu hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóðinni en viðskiptabanki félagsins hafi verið SPRON. Að tilmælum Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. hafi verið ráðist í að stofna sérstakt félag, R.S. fasteignafélag ehf. um fasteignina til að auðvelda utanumhald á virðisaukaskatti er tilheyrði byggingarframkvæmdunum og til að viðhalda aðgreiningu fjármuna er fóru til byggingarframkvæmdanna frá rekstrarfjárhag félagsins. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við þetta af hálfu Faxaflóahafna sf.

Samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 18. október 2006, var gerður samningur á milli Faxaflóahafna sf. og R.S. fasteignafélags um leigu á lóð við Klettagarða nr. 25.

Stefndu benda á að fram komi í stofnsamningi R.S. fasteignafélags ehf. að það félag sé að 100% hlut í eigu R. Sigmundssonar ehf. Hinn 11. október 2007 hafi R.S. fasteignafélag ehf. síðan afsalað fasteigninni Klettagörðum 25, Reykjavík til Saxhóls ehf. Samhliða sölu fasteignarinnar hafi aðilar gert með sér leigusamning, þar sem R. Sigmundsson ehf. tók fasteignina á leigu af Saxhóli ehf. til 15 ára, og hafi átt endurkauparétt að eigninni að 10 árum liðnum. Í framhaldinu hafi R.S. fasteignafélag ehf. verið sameinað R. Sigmundssyni ehf. sbr. XIV. kafla laga nr. 138/2004 en ákveðið hafi verið að samruninn skyldi miðaður við 1. janúar 2008.

Hinn 9. febrúar 2007 fékk stefnandi dómkvadda tvo matsmenn til að meta tiltekin atriði vegna þess tjóns sem stefnandi taldi sig hafa orðið fyrir vegna vanefnda á samningum um lóðina. Hinir dómkvöddu matsmenn luku matsgerð sinni 4. desember 2007. Stefnandi kveðst í framhaldi af því hafa skorað á viðsemjanda sinn að ganga til samninga á grundvelli matsins, en því hafi verið hafnað.

Höfðaði stefnandi þá mál á hendur R. Sigmundssyni ehf. til heimtu bóta vegna þess tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir vegna vanefndanna og byggði kröfur sínar á matsgerðinni. Tekið var til varna af hálfu félagsins.

Hinn 10. febrúar 2009 var kveðinn upp dómur í máli stefnanda gegn R.S. rekstri ehf. sem áður hét R. Sigmundsson ehf. eins og áður segir. Stefnandi kveður þá hafa verið ókunnugt um nafnbreytingu félagsins og að bú þess hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta örfáum dögum áður. Þess vegna sé stefndi tilgreindur R. Sigmundsson ehf. í dóminum. Félagið hafi verið dæmt til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 32.181.237 krónur með dráttarvöxtum frá 4. janúar 2008 til greiðsludags og 1.729.978 krónur í málskostnað.

Stefnandi kveður kröfu samkvæmt dóminum hafa verið lýst í þrotabúið. Dóminum hafi ekki verið áfrýjað, en samkvæmt upplýsingum skiptastjóra séu engar eignir í búinu.

Stefnandi höfðar mál þetta á hendur stefndu persónulega og byggir á því, eins og síðar greinir, að þeir hafi með ólögætum og saknæmum hætti valdið því að lóð sem hafi átt að standa honum til ráðstöfunar hafi verið ráðstafað í þágu annarra.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á hendur stefndu á því að þeir hafi með ólögnum og saknæmum hætti valdið því að eign sem honum hafi átt að standa til ráðstöfunar, samkvæmt samningi, var haldið frá honum og ráðstafað í þágu annarra. Sé á því byggt að stefndu hafi með aðgerðum sínum sem stjórnendur R. Sigmundssonar ehf. og Vélasölunnar ehf. á árinu 2006 ráðstafað hagsmunum sem vörðuðu lóðina nr. 25 við Klettagarða í Reykjavík til þriðja aðila, R. S. fasteigna ehf., og þannig komið í veg fyrir að stefnandi gæti knúið fram efndir á kaupréttarsamkomulagi sínu og R. Sigmundssonar frá 30. desember 2005.

Stefnandi telji ljóst að með þessu athæfi hafi hagur R. Sigmundssonar ehf. verið skertur um mjög mikla fjármuni og hagsmunum stefnanda um leið stefnt í óefni. Stefndu hafi báðum verið fullkunnugt um öll atvik í málinu. Þeim hafi þess vegna verið eða mátt vera ljóst frá upphafi að með aðgerðum þeirra hafi verulega verið dregið úr líkum á því að stefnandi gæti knúið fram bótageiðslur frá félaginu vegna vanefndanna. Telur stefnandi ljóst að öll skilyrði skaðabótaskyldu stefndu séu uppfyllt.

Tjón stefnanda af háttsemi stefndu sé sannað, enda hafi verið um það dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur með dómi í máli nr. E-2078/2008. Séu kröfur stefnanda á því reistar að stefndu beri óskipt að bæta honum það tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna athæfis þeirra og geri því kröfu um að stefndu verði dæmdir til að greiða honum það sem dæmt var í umræddu máli að R. S. rekstur ehf. skyldi greiða honum. sé þar annars vegar um að ræða bótafjárhæðina sjálfa, þ.e. 32.181.237 krónur auk dráttarvaxta, og hins vegar málskostnað í því máli að fjárhæð 1.729.978 krónur.

Krafist sé dráttarvaxta af síðarnefndu fjárhæðinni frá þeim degi er 15 dagar voru liðnir frá dómsuppsögu.

Um málskostnaðarkröfu sína vísar stefnandi til 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda Einars Óskarssonar

Af hálfu stefnda Einars er öllum kröfum stefnanda í máli þessu, málatilbúnaði og málsástæðum, mótmælt bæði sem röngum og ósönnuðum.

Í stefnu vísi stefnandi til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli stefnanda gegn R. Sigmundssyni ehf., sbr. mál nr. E-2078/2008. Því máli hafi lokið með efnisdómi og samkvæmt niðurstöðu dómsins var R. Sigmundssyni ehf. kt. 681071-0759 gert að greiða stefnanda tilteknar skaðabætur þar sem félagið hafði vanefnt ákvæði samkomulags aðila frá 30. desember 2005. Af hálfu stefnda sé vísað til þess að umrætt dómsmál varði því sömu lögskipti og málssókn stefnanda byggist á í máli þessu. Af hálfu stefnda sé á því byggt að það sé meginregla samkvæmt íslensku

einkamálaréttarfari að sama sakarefni verði ekki oftari en einu sinni borið undir hliðsettan dómstól, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991. Í fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur komi fram að málið hafi verið höfðað 26. febrúar 2008. Hvorugum stefndu í þessu máli hafi hins vegar verið stefnt í því máli. Að mati stefnda hefði stefnandi þurft að stefna stefndu Einari og Haraldi ásamt R. Sigmundssyni ehf. í hinu fyrra máli, hefði hann vilja byggja á að þeir bæru, auk R. Sigmundssonar ehf., ábyrgð á vanefndum á samkomulaginu frá 30. desember 2005. Hér sé m.a. vísað til 1. og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, um óskipta aðild. Stefndi byggi á því að mál þetta varði framangreind lögskipti og kröfur um skaðabætur vegna meintra vanefnda R. Sigmundssonar ehf. og þ.a.l. beri að vísa því ex officio frá dómi, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, enda þegar genginn efnisdómur í máli sem varði sama sakarefni, þar sem stefndi kaus að stefna ekki öðrum en félaginu.

Í öllu falli varði þetta því að kröfur stefnanda á hendur stefndu vegna umræddra lögskipta, hafi þær einhvern tímann einhverjar verið, séu þá allar fallnar niður fyrir tómlæti. Sé hér hvorutveggja vísað til þess tíma sem liðinn sé frá málshöfðun í héraðsdómsmálinu nr. E-2078/2008, og ekki síður að um 2 ár og 7 mánuðir liðu frá úthlutun Faxaflóahafna sf. á lóðinni Klettagarðar 25, Reykjavík, til R.S. fasteignafélags, uns skaðabótamál þetta var höfðað en í því sambandi hafi stefnandi ekki beint neinum kröfum að stefndu fyrr en með fyrirvaralausri málssókn þessari. Framangreint tómlæti hafi valdið stefnda Einari því að ef svo ólíklega vilji til að dómurinn fallist á bótaábyrgð hans, þá sé honum fyrirmunað að sækja bætur til R.S. reksturs ehf. (áður R. Sigmundsson ehf.) þar sem félagið sé nú orðið gjaldþrota.

Stefnandi reisi í málinu skaðabótakröfur sínar á hendur stefnda Einari efnislega á því að stefndi hafi í störfum sínum sem stjórnarformaður R. Sigmundssonar ehf. og Vélasölnnar ehf., ráðstafað, fyrir hönd félaganna, lóðinni Klettagörðum 25, Reykjavík, er stefnandi hafi átt kauprétt að samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi til R.S. fasteigna ehf. sbr. afsal, dags. 11. október 2007, um eignina Klettagarðar 25 til Saxhóls ehf., og þannig komið í veg fyrir að stefnandi gæti knúið fram efndir á kaupréttarsamkomulagi sínu og R. Sigmundssonar ehf. frá 30. desember 2005. Með þessu hafi hagur R. Sigmundssonar ehf. verið skertur um mjög mikla fjármuni og hagsmunum stefnanda um leið stefnt í óefni, þar sem með þeirri aðgerð hafi verulega dregið úr líkum á því að stefnandi gæti knúið fram bótagreiðslur frá félaginu vegna vanefnda á samkomulaginu.

Stefndi Einar mótmæli framangreindum máltilbúnaði er lúti að skaðabótakröfu stefnanda og byggi á því að skilyrðum skaðabótaréttar um sök, ólögmati, orsakatengsl og sönnun umfangs tjóns sé ekki uppfyllt.

Varnir stefnda lúti fyrst og fremst að því að viðsemjandi stefnanda og eiginkonu hans samkvæmt kaupsamningi, dags. 30. desember 2005, um sölu allra hluta í einkahlutafélaginu Bliku rekstrarfélagi ehf. til R. Sigmundssonar ehf., hafi verið einkahlutafélagið R. Sigmundsson ehf. en ekki stefndi Einar. Samkvæmt meginreglum félagaréttar, sbr. og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, verði stefnandi því að sæta því að félagið eitt sé skuldbundið vegna viðskiptanna og hann eigi því ekki kröfu á hendur öðrum, hvorki stjórnarmönnum, hluthöfum né framkvæmdastjóra. Framangreint grundvallist á því að einkahlutafélag sé félag með takmarkaðri ábyrgð.

Þrátt fyrir að félag það sem stefnandi eigi kröfu á, sbr. fyrrgreindan dóm Héraðsdóms Reykjavíkur, sé nú komið í greiðsluþrot og fyrirséð að krafan fái ekki greidd úr þrotabúinu, þá geti stefndi Einar, sem fyrrum stjórnarformaður félagsins, ekki persónulega borið skaðabótaábyrgð á hinu meinta tjóni stefnanda. Slíkt myndi ganga gegn þeirri meginreglu félagaréttar að stjórnarmenn félags með takmarkaða ábyrgð beri að jafnaði ekki skaðabótaábyrgð gagnvart þriðja manni. Í þessu sambandi vísist til ákvæða 108. gr. ehl. en þar komi fram að stjórnarmenn einkahlutafélags geti eingöngu orðið skaðabótaskyldir gagnvart þriðja manni vegna ásetnings- eða gáleysisbrota á ákvæðum laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 eða samþykktum félags. Bótaábyrgð stjórnarmanna gagnvart þriðja manni geti einnig byggst á almennu skaðabótareglunni en ábyrgð samkvæmt henni sé þó bundin af skilyrðum ákvæðis 2. ml. 108. gr. ehl.

Stefndi byggi á því að hann hafi í störfum sínum sem stjórnarformaður R. Sigmundssonar ehf. hvorki brotið gegn ákvæðum ehl. eða samþykktum félagsins, enda hafi allar ákvarðanir sem teknar voru af stjórn félagsins vegna lóðar við Klettagarða 25 í Reykjavík verið teknar á viðskiptalegum forsendum.

Í stefnu sé á því byggt að hin ólögmæta og saknæma háttsemi stefnda hafi falist í því að hann hafi ráðstafað lóðinni Klettagörðum 25, Reykjavík til R.S. fasteignafélags ehf. Stefndi mótmæli þessari málsástæðu harðlega, enda hafi það ekki verið í hans valdi að ráðstafa lóðinni til umrædds félags. Hið rétta sé að Faxaflóahafnir sf. úthlutuðu lóðinni til R.S. fasteignafélags ehf. eftir að stjórn R. Sigmundssonar ehf. fór þess á leit við Faxaflóahafnir sf. að lóðinni yrði úthlutað til félagsins. Ástæða þess að stjórn R. Sigmundssonar ehf. hafi óskað eftir því að lóðinni yrði úthlutað til sérstaks fasteignafélags, hafi fyrst og fremst verið vegna hagræðissjónarmiða sem tengdust frjálsri skráningu þeirrar byggingar sem fyrirhugað var að reisa og utanumhaldi á virðisaukaskatti. Af framangreindu virtu telji stefndi að skilyrði almennu skaðabótareglunnar um sök og ólögmæti séu ekki uppfyllt þar sem stefndi hafi ekki ráðstafað lóðinni og geti stefndi því aldrei borið fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Stefndi bendi á að dómaframkvæmd hér á landi sýni að nokkuð mikið þurfi að koma til svo að tiltekin vanræksla eða athöfn verði metin stjórnarmanni til sakar og séu rökin fyrir því m.a. eftirfarandi:

Líkur séu fyrir því að ákvarðanir stjórnarmanna séu teknar með hagsmuni félagsins fyrir augum.

Mjög strangur bótamælikvarði í garð stjórnarmanna sé talinn geta valdið slíkri varfærni í stjórnunarstörfum að hún fái illa samrýmst heilbrigðri fjármálastjórn félaga.

Einkahlutafélag sé félag með takmarkaðri ábyrgð. Víðtækar bótareglur á hendur stjórnarmönnum slíks félags fái illa samrýmst þeirri staðreynd því að þær gætu haft þau áhrif að ábyrgðin teldist í raun ekki verulega takmörkuð.

Stefndi hafi sýnt fram á að hann hafi ekki ráðstafað lóðinni til R.S. fasteignafélags ehf. heldur hafi lóðinni verið úthlutað til félagsins af Faxaflóahöfnun sf. Stefndi mótmæli því sem byggt sé á og haldið sé fram í stefnu

að tjón hafi hlotist af ráðstöfun varðandi lóðina fyrir R. Sigmundsson ehf. og vísist í því sambandi til þess að R.S. fasteignafélag ehf. hafi að 100% hluta verið í eigu R. Sigmundssonar ehf. Það sé því einnig rangt og ósannað er segi efst á bls. 4 í stefnu að með því að lóðinni Klettagarðar 25, Reykjavík, var úthlutað til R.S. fasteignafélags ehf. en ekki R. Sigmundssonar ehf. hafi hagur R. Sigmundssonar ehf. verið skertur, eða umrætt hafi dregið úr líkum á gjaldfærni R. Sigmundssonar gagnvart stefnanda. Í þessu sambandi skuli á það bent að við sölu á fasteigninni Klettagörðum 25 árið 2007 til Saxhóls hf. hafi allt kaupverðið farið til R.S. fasteignafélags. ehf. sem hafi verið í 100% eigu R. Sigmundssonar ehf. en síðar hafi félögin sameinast. Af framangreindu megi ljóst vera að R. Sigmundsson ehf. hafi ekki orðið fyrir fjártjóni er Faxaflóahafnir sf. úthlutuðu umræddri hafnarlód til R.S. fasteignafélags ehf.

Í stefnu sé á því byggt að lóðin Klettagarðar 25 hafi átt að standa stefnanda til ráðstöfunar samkvæmt samningi. Þessu mótmæli stefndi og bendi á að við kaupsamningsgerð hafi ekki verið gengið frá samkomulagi á milli stefnanda og Vélasölnnar ehf. um kauprétt að umþrættri lóð. Ástæða þess að ekki hafi verið gengið frá samkomulaginu hafi m.a. verið sú að Júlíus Vífill Ingvarsson, lögfræðingur stefnanda og stjórnarmaður í Vélasölnni ehf., hafi varað við því við kaupsamningsgerð að stefnandi gæti fengið umrædda lóð framselda. Þar sem ekki hafi verið gengið formlega frá samkomulaginu við kaupsamningsgerð, eins og til hafi staðið, þá telur stefndi að R. Sigmundsson ehf. hafi verið óbundið af samkomulagi frá 30. desember 2005.

Stefndi mótmæli því jafnframt að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2078/2008 hafi fordæmisgildi í máli þessu hvað varðar skuldbindingargildi dómskjals nr. 6. Grundvallist það á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hafi Júlíus Vífill Ingvarsson ekki mætt fyrir dóminn þrátt fyrir að honum hafi verið send vitnakvaðning. Stefndi telji að þessi ákvörðun hans hafi orðið til þess að ekki hafi verið hægt að sýna dóminum fram á að fallið hafi verið frá samkomulagi frá 30. desember 2005 við kaupsamningsgerð, þar sem formskilyrði þess um sérstakan samning á milli stefnanda og Vélasölnnar ehf. hafi ekki verið uppfyllt.

Í öðru lagi hafi dóminum ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, þar sem hið dæmda félag var orðið gjaldþrota.

Jafnvel þótt litið sé svo á að fyrrgreint samkomulag hafi verið skuldbindandi fyrir R. Sigmundsson ehf., þá hefði lóðin Klettagarðar 25 engu að síður aldrei staðið stefnanda til ráðstöfunar. Hafi það byggst á því að stjórn Vélasölnnar ehf. hafi aldrei samþykkt gjafaframsal á hugsanlegum lóðarréttindum til stefnanda enda hefði félagið sjálft, kröfuhafar þess og hluthafar félagsins sem voru ótengdir stefnanda geta skaðast af slíku samþykki ef lóðinni hefði síðar verið úthlutað til Vélasölnnar ehf.

Hvað þetta varðar þá telji stefndi sérstaka ástæðu til þess að mótmæla fullyrðingu er fram komi í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 10. maí 2006, en þar segi um hinn meinta kauprétt: „...enda má hverjum manni vera það ljóst að þetta umrædda samningsákvæði felur í sér hluta þess endurgjalds sem umbjóðendur mínir áttu að fá fyrir hið selda hlutafé.“. Hvað þessa fullyrðingu lögmanns

stefnanda varðar sé rétt að benda á að hafi það verið hugmyndin hjá stefnanda að þetta væri hluti af endurgjaldinu, þá sé slíkt endurgjald ólöglegt þar sem tekin séu verðmæti út úr einkahlutafélagi án þess að sambærileg verðmæti komi í staðinn. Með því verði staða kröfuhafa lakari sem og annarra hluthafa í félaginu sem hafi átt 23,73%. Um þetta vísist m.a. til 48. gr. og 51. gr. ehl.

Stefndi telji einnig að skilmálar Faxaflóahafna sf., sbr. t.d. 2. tl. 7. gr. lóðarleigusamnings um leigu á lóðinni Klettagarðar nr. 25, standi því í vegi að stefnandi hafi getað fengið lóðina framselda. Ljóst megi því vera að skilyrði voru ekki til staðar fyrir því að fá lóðinni úthlutað til að framselja hana stefnanda. Jafnvel þótt svo hefði ekki verið hefði engu að síður ekki getað komið til framsals á lóðarréttindunum til stefnanda. Stefnandi hafi þannig hvorki sýnt fram á að hann hafi rekið hafnsækna starfsemi og þá ekki heldur að hann hafi getað sýnt fram á þörf sína fyrir lóð af þessari stærð undir starfsemi er flokkast gæti undir „hafnsækna starfsemi“.

Jafnvel þótt svo ólíklega vildi til að dómurinn myndi líta á samkomulag aðila frá 30. desember 2005 sem gilt framsal og að stefnandi hefði átt rétt á að nýta sér kauprétt að lóðinni, þá hafi stefnandi ekki orðið fyrir neinu tjóni. Fullyrða megi að Faxaflóahafnir sf. hefðu aldrei viðurkennt framsal á lóðinni til stefnda sem sé einstaklingur. Hefði slík umsókn borist megi leiða líkum að því að Faxaflóahafnir sf. hefðu einfaldlega leyst lóðina til sín á sama verði og henni var úthlutað og því hefði stefnandi ekki náð að hagnast á lóðinni á þennan hátt og geti hann þar af leiðandi ekki gert kröfu um bætur fyrir meint tjón.

Stefndi vísi einnig til þess að fyrir hafi legið að Vélasalan ehf. hafi ekki uppfyllt þau skilyrði sem stjórn Faxaflóahafna sf. setti varðandi úthlutun lóðarinnar, og Faxaflóahafnir sf. hefðu því ekki samþykkt umsókn Vélasölunnar ehf. um úthlutun frá 2004. Forsendur að baki úthlutun Faxaflóahafna sf. á lóðinni til R. Sigmundssonar ehf. og Vélasölunnar ehf. hafi verið allt aðrar en þær sem hefði þurft til að unnt væri að framkvæma 2. tl. í samkomulagi R. Sigmundssonar ehf. og stefnanda frá 30. desember 2005. Ákvörðun Faxaflóahafna sf. um að úthluta félögunum lóðinni hafi þannig byggst á því að félögin myndu flytjast þangað með sameinaða starfsemi sína.

Að öllu framangreindu virtu séu sýknukröfur stefnda á því byggðar að þó svo að hann hafi gegnt stjórnarformennsku í R. Sigmundssyni ehf. þegar Faxaflóahafnir sf. úthlutuðu umræddri lóð til R.S. fasteigna ehf., þá geti hann aldrei orðið bótaskyldur persónulega gagnvart stefnanda vegna meints tjóns hans. Skipti þá engu máli þó svo að stjórn R. Sigmundssonar ehf. hafi óskað eftir því við Faxaflóahafnir sf. að framangreindur háttur yrði hafður á við úthlutun.

Ef svo ólíklega fari að dómurinn telji að stefnandi hafi orðið fyrir einhverju því tjóni er stefndi Einar beri bótaábyrgð á, byggji stefndi í varakröfu á því að skaðabótakröfur stefnanda beri að lækka stórlega, sbr. ákvæði 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og 3. mgr. 108. gr. ehl. Fallist dómurinn á kröfur stefnanda að öllu leyti, þá verði að mati stefnda að draga frá helming dómkröfunnar þar sem upphaflega hafi lóðinni verið úthlutað til tveggja félaga þ.e. Vélasölunnar ehf. og R. Sigmundssonar ehf. Þá fjárhæð verði síðan að lækka um 23,73% sem nemi hlut

annarra eigenda en Bliku ehf. í Vélasölunni ehf. Að endingu þurfi að draga frá skaðabótakröfunni tekjuskatt af söluhagnaði en hann sé 10%.

Stefndi mótmæli alfarið sönnunargildi matsgerðar Óskars R. Harðarsonar, hdl. og lögg. fasteignasala, og Arnars Ívars Sigurbjörnssonar, húsasmíðameistara og matstækni, dags. 4. desember 2007, enda hafi stefndi Einar ekki verið aðili að því matsmáli. Stefnda hafi því ekki gefist færi á að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum á framfæri áður en matið fór fram.

Stefndi geri sérstakar athugasemdir við matsspurningu nr. 3. en krafa stefnanda í héraðsdómsmálinu nr. E-2078/2008 byggi á umræddri spurningu sem sé eftirfarandi:

Hvað telja matsmenn að hægt hefði verið að selja réttindi yfir lóðinni fyrir hátt verð á fasteignamarkaði hér á landi í júlí 2006. Skal þá miða við að ráðstöfun yrði í því formi að selt væri allt hlutafé einkahlutafélags sem ætti ekki aðrar eignir en lóðarréttindin og skuldaði ekkert.

Í þessari matsspurningu sé horft fram hjá þeirri augljósu staðreynd að stefnandi í málinu sé einstaklingur en ekki félag og því hafi niðurstaða matsspurningarinnar ekkert gildi fyrir stefnanda við sönnun á hinu meinta tjóni.

Jafnframt mótmæli stefndi því að dómsniðurstaða héraðsdóms í héraðsdómsmálinu nr. E-2078/2008: Guðmundur Ágúst Ingvarsson gegn R. Sigmundsson ehf., hafi nokkurt sönnunargildi um meint tjón stefnanda og sönnun þess, gagnvart stefnda, enda stefndi Einar ekki málsaðili að því dómsmáli. Það að stefnandi vísi um sönnun varðandi meint tjón sitt (sbr. stefnu) til umrædds héraðsdóms og þess að þegar hafi verið dæmt um það, sýni augljóslega nauðsyn þess að stefndu væru aðilar að því dómsmáli ef stefnandi vildi auk viðsemjanda síns, R. Sigmundssonar ehf., jafnframt beina skaðabótakröfum að stefndu vegna þess sakarefnis sem þar hafi verið fjallað um.

Í öðru lagi mótmæli stefndi því að hann geti borið ábyrgð á málskostnaði er R. Sigmundssyni ehf. hafi verið gert að greiða stefnanda samkvæmt umræddum héraðsdómi í máli nr. E-2078/2008, enda ekki við stefnda að sakast að stefnandi kýs að höfða málin í tvennu lagi.

Mótmælt sé dráttarvaxtakröfum stefnanda. Stefnandi hafi ekki beint kröfum að stefnda Einari fyrr en með stefnu í þessu máli. Verði kröfur stefnanda á hendur stefnda Einari að einhverju leyti teknar til greina sé á því byggt að dráttarvextir geti fyrst reiknast þegar mánuður sé liðinn frá stefnubirtingardegi, enda stefnda ekki kynnt kröfugerð stefnanda fyrr en þá, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Um lagarök vísi stefndi m.a. til reglna félagaréttar og laga nr. 138/1994 um einkahlutafélag, reglna einkamálaréttar og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 2. mgr. 116. gr. og 1. og 2. mgr. 18. gr. þeirra laga. Þá sé vísað til 16. gr.

sömu laga varðandi aðildarskort. Vísað sé til skilmála Faxaflóahafna sf. er giltu við úthlutun lóðarinnar og aðalskipulags er gilti fyrir svæðið. Vísað sé til skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum 24. gr. Einnig sé vísað til almennra reglna skaðabótaréttar og þeirra skilyrða sem gerð séu fyrir bótaskyldu, svo og um orsakasamband. Loks sé vísað til 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Málkostnaðarkrafa byggja á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert skylt að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefndi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili og ber honum því nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnda Haraldar Úlfarssonar

Í stefnu vísi stefnandi til þess að 10. febrúar 2009 hafi verið kveðinn upp dómur héraðsdóms Reykjavíkur í máli stefnanda gegn R. Sigmundsson ehf., sbr. mál nr. E-2078/2008. Því máli hafi lokið með efnisdómi og samkvæmt dómsniðurstöðunni var R. Sigmundssyni ehf. gert að greiða stefnanda skaðabætur að þar tilgreindri fjárhæð þar sem samkvæmt niðurstöðu dómsins var talið að R. Sigmundsson ehf. hefði vanefnt ákvæði 2. tl. samkomulags frá 30. desember 2005 gagnvart stefnanda. Af hálfu stefnda sé vísað til þess að umrætt dómsmál varði því sömu lögskipti og málsókn stefnanda, sú sem hér sé til meðferðar, fjalli um. Af hálfu stefnda sé hér byggt á því að það sé meginregla samkvæmt íslensku einkamálaréttarfari að sama sakarefni verði ekki oft en einu sinni borið undir hliðsettan dómstól, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991. Í fyrirnefndum dómi héraðsdóms Reykjavíkur komi fram að málið hafi verið höfðað þann 26. febrúar 2008. Hvorugum stefndu í þessu máli hafi hins vegar verið stefnt í því máli. Að mati stefnda hefði stefnandi, ef hann auk skaðabótakrafna á hendur viðsemjanda sínum R. Sigmundssyni ehf. hugðist hafa uppi skaðabótakröfur á hendur fleiri aðilum, s.s. stefndu í þessu máli, þurft að beina þar málsókn sinni að öllum þeim aðilum er hann vildi byggja á að bæru með R. Sigmundssyni ehf. ábyrgð gagnvart því tjóni er hann telur sig hafa orðið fyrir vegna meintra vanefnda R. Sigmundssonar ehf. gagnvart fyrrgreindu samkomulagi. Hér sé og m.a. vísað til 1. og 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, um óskipta aðild. Máli þessu er varði framangreind lögskipti og kröfur um skaðabætur vegna meintra vanefnda R. Sigmundssonar ehf. í þeim, beri því að vísa ex officio frá dómi sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, enda þegar genginn efnisdómur í máli sem varðaði sama sakarefni, þar sem stefndi hafi kosið að stefna ekki öðrum en R. Sigmundsson ehf.

Í öllu falli varði þetta því að kröfur stefnanda á hendur stefndu vegna umræddra lögskipta, hafi þær einhvern tímann einhverjar verið, séu þá allar fallnar niður fyrir tómlæti. Sé hér hvorutveggja vísað til þess tíma sem liðinn sé frá málshöfðun í héraðsdómsmálinu nr. E-2078/2008, og loks ekki síður að um 2 ár og 7 mánuðir hafi liðið frá úthlutun Faxaflóahafna sf. á lóðinni Klettagarðar 25, Reykjavík, til R.S. fasteignafélags ehf., uns skaðabótamál þetta var höfðað, en stefnandi hafi í því sambandi ekki beint neinum kröfum að stefndu fyrr en með

fyrirvaralausri málsókn þessari.

Af hálfu stefnda Haraldar sé öllum kröfum stefnanda í máli þessu, málatilbúnaði og málsástæðum, mótmælt bæði sem tilhæfulausum og efnislega röngum, svo og tölulega. Stefndi Haraldur byggir m.a. á því að stefnandi hafi átt þau viðskipti sem séu undirrót krafna hans við R. Sigmundsson ehf. Samkvæmt meginreglum félagaréttar, sbr. og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélag, verði stefnandi því að sæta því að félagið eitt sé skuldbundið vegna viðskiptanna og hann eigi því ekki kröfur á hendur öðrum, hvorki stjórnarmönnum, hluthöfum né framkvæmdastjóra. Þá sé ljóst að framkvæmdastjóri beri ekki almenna skaðabótaskyldu þó að viðskipti milli félags með takmarkaða ábyrgð og þriðja manns bresti að fullu eða nokkru.

Á bls. 3-4 í stefnu segi um málsástæður og lagarök er stefnandi reisi þessa málsókn sína á, að málsóknin sé byggð á sakarreglunni, en um málsástæður sé þar byggt á að stefndi hafi, samkvæmt því er stefnandi telur, í störfum sínum sem framkvæmdastjóri R. Sigmundssonar ehf. og stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í Vélasölu ehf., ráðstafað fyrir hönd félaganna, lóðinni Klettagarðar 25, Reykjavík, sem stefnandi hafi átt kauprétt að samkvæmt samkomulagi, dags. 30. desember 2005, og þannig komið í veg fyrir að stefnandi gæti knúið fram efndir á kaupréttarsamkomulagi sínu og R. Sigmundssonar ehf. frá 30. des. 2005. Stefnandi telji ljóst að með þeirri ráðstöfun hafi hagur R. Sigmundssonar ehf. verið skertur um mjög mikla fjármuni og hagsmunum stefnanda um leið stefnt í óefni, þar sem með þeirri aðgerð hafi verulega dregið úr líkum á því að stefnandi gæti knúið fram bótagreiðslur frá félaginu vegna vanefnda á samkomulaginu.

Þessum grundvallarmálsástæðum stefnanda, og um leið einu málsástæðum, mótmæli stefndi Haraldur sem alfarið röngum. Rétt þyki í því sambandi hér fyrst að ítreka að viðsemjandi stefnanda og eiginkonu hans samkvæmt kaupsamningi, dags. 30. desember 2005 um sölu á hlutum í Bliku rekstrarfélagi ehf. og á nefndu samkomulagi, hafi verið einkahlutafélagið R. Sigmundsson ehf. en ekki stefndi Haraldur. Umræddan kaupsamning og samkomulag hafi stefndi undirritað ásamt stjórnarformanni R. Sigmundssonar ehf., meðstefnda Einari, samkvæmt umboði sem þeim hafði verið veitt frá hluthöfum og stjórn R. Sigmundsson ehf. Með undirritun kaupsamnings og samkomulagsins hafi stefndi Haraldur og meðstefndi, skuldbundið einkahlutafélagið í samræmi við efni umræddra skjala. Undirritun stefnda Haraldar á kaupsamninginn og samkomulagið hafi verið í fullu samræmi við það umboð sem honum og meðstefnda hafði verið veitt af eigendum og stjórn félagsins vegna samningsgerðarinnar, sbr. 1. mgr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, og því um bindandi löggæringa fyrir félagið að ræða. Engin lagastoð sé hins vegar fyrir því að stefndi Haraldur verði sem umboðsmaður við umræddan löggæring gerður persónulega bótaskyldur gagnvart efndum umbjóðanda síns, R. Sigmundssonar ehf., á umræddum löggæringum. Virðist og stefnanda hafa verið þetta ljóst þegar hann höfðaði héraðsdómsmálið nr. E-2078/2008. Sýknukröfur stefnda séu að því er varðar efnisatriði málsins, m.a. byggðar á aðildarskorti sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi byggir einnig á því að skilyrði skaðabótaábyrgðar skorti alfarið í málinu, hvað varði stefnda Harald, s.s. varðandi sök, ólögætti, orsakatengsl og fjártjón. Af hálfu stefnda sé vísað til að sú ákvörðun hafi verið tekin af eigendum og stjórn R. Sigmundssonar ehf., en ekki stefnda, að óska eftir því við

Faxaflóahafnir sf. að lóðinni yrði úthlutað til R.S. fasteignafélags ehf. en ekki til R. Sigmundssonar ehf. og stjórnin myndi sjálf annast framkvæmd hennar. Það sé því alfarið rangt sem haldið sé fram í stefnu að stefndi Haraldur hafi ráðstafað hagsmunum er vörðuðu lóðina nr. 25 við Klettagarða í Reykjavík til R.S. fasteignafélags ehf.

Vísað sé til þess að samkvæmt lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög sé hluthafafundur æðsta vald í málefnum félagsins og sbr. IX. kafla sömu laga fari félagsstjórn með málefni félagsins á milli aðalfunda. Verkefni framkvæmdastjóra lúti hins vegar, sbr. 2. mgr. 44. gr., að því að annast daglegan rekstur félagsins og beri honum í þeim efnum að fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hafi gefið. Sbr. sömu lagagrein taki hinn daglegi rekstur ekki til ráðstafana sem séu óvenjulegar eða mikils háttar, en slíkar ráðstafanir geti framkvæmdastjóri einungis gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn. Eins og fyrr greini hafi umrædd ákvörðun um að fara þess á leit við Faxaflóahafnir sf. að lóðinni Klettagarðar 25, Rvk, yrði úthlutað R.S. fasteignafélagi ehf. tekin af hluthöfum og stjórn R. Sigmundssonar ehf. og sbr. ofangreint ekki á forræði stefnda að hafa áhrif á hana. Sýknukröfur stefnda séu því m.a. gerðar með vísan til þess að stefndi verði ekki sem framkvæmdastjóri félagsins gerður bótaskyldur vegna ákvarðana eigenda og stjórnar R. Sigmundssonar ehf., sem hann að auki sjálfur hafi ekki átt aðild að, né heldur vegna framkvæmdar á þeim ákvörðunum.

Enn fremur sé því alfarið mótmælt sem röngu, sem byggt sé á og haldið fram í stefnu, að R. Sigmundsson ehf. hafi orðið fyrir fjártjóni vegna þessarar ráðstöfunar. Um það vísist til þess að R.S. fasteignafélag ehf. hafi að 100% hluta verið í eigu R. Sigmundssonar ehf. Á sama hátt sé það rangt er greini efst á bls. 4 í stefnu, þar sem því sé haldið fram að með því að lóðinni Klettagarðar 25, Reykjavík, hafi verið úthlutað til R.S. fasteignafélags ehf. en ekki R. Sigmundssonar ehf. hafi hagr R. Sigmundssonar ehf. verið skertur, eða að umrætt hafi dregið úr líkum á gjaldfærni R. Sigmundssonar ehf. gagnvart stefnanda. Í þessu sambandi skuli og bent á hvert fjármunir þeir er komu fyrir sölu á fasteigninni, Klettagarðar 25, Rvk, til Saxhóls ehf. runnu, en við sölu R.S. fasteignafélags ehf. á lóðinni til Saxhóls hf. hafi allt kaupverðið farið til samstæðu R. Sigmundssonar ehf. Meginhluti þess hafi farið til Frjálsa fjárfestingabankans hf. til uppgreiðslu lána er tekin voru af R.S. fasteignafélagi ehf. hjá bankanum vegna húsbygginga á lóðinni, en það sem eftir stóð til SPRON vegna skulda R. Sigmundssonar ehf. við sparisjóðinn. Í kjölfar sölunnar hafi svo R.S. fasteignafélag ehf. verið sameinað R. Sigmundssyni ehf. sbr. XIV. kafla laga nr. 138/2004.

Tekið sé fram að stefndi Haraldur hafi einskis ávinnings notið af umræddum ráðstöfunum, sem eins og áður segi hluthafafundur og stjórn félagsins ákváðu, en hann hafi hvorki verið hluthafi í R. Sigmundssyni ehf. né R.S. fasteignafélagi ehf., að undanskyldu því að eiginkona hans átti um 3% eignarhlut í R. Sigmundssyni ehf.

Loks vísi stefndi til þess að legið hafi fyrir, áður en stjórn R. Sigmundsson ehf. sendi inn erindi sitt til Faxaflóahafna sf., hinn 9. febrúar 2006, um úthlutun umræddrar lóðar við Klettagarða 25, Reykjavík, undir húsnæði fyrir sameinaða starfsemi R. Sigmundssonar ehf. og Vélasölnunnar ehf., að ekki kæmi til álita hjá Faxaflóahöfnum sf. að samþykkja umsókn Vélasölnunnar ehf. um úthlutun frá 2004 eins og stefnandi hafi haft væntingar um, bæði vegna þess að hún hafi ekki uppfyllt

skilyrði stjórnar Faxaflóahafna sf. um lóðarhafa hvað umfang starfsemi varðar og að úthlutun hafi verið háð áformum um nýtingu lóðarinnar. Forsendur að baki úthlutun Faxaflóahafna sf. á lóðinni til R. Sigmundssonar ehf. og Vélasölnunnar ehf. hafi þannig verið allt aðrar en þær sem hefði þurft til að unnt væri að framkvæma 2. tl. í samkomulagi R. Sigmundssonar ehf. og stefnanda frá 30. desember 2005. Ákvörðun Faxaflóahafna sf. um að úthluta félögunum lóðinni hafi þannig verið bundin því að félögin myndu flytjast þangað með sameinaða starfsemi sína. Samkvæmt þessu hafi einfaldlega ekki verið fyrir hendi þær aðstæður er greini í 2. tl. samkomulagsins, sem skilyrði til að kaupréttur stefnanda að lóðinni gæti orðið virkur. Þá sé vísað til þess að ómöguleiki hafi verið fyrir hendi varðandi það að félögin mættu framselja lóðina til stefnanda sbr. skilmála Faxaflóahafna sf., sbr. 2. mgr. 1. tl. 7. gr. lóðarleigusamnings, þar sem óheimilt sé að framselja leiguréttinn að lóðinni öðrum en þeim er hafi með höndum rekstur hafnsækinnar starfsemi. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að hann hafi átt möguleika á að uppfylla þetta skilyrði, né heldur að raunhæft geti talist að stjórn Faxaflóahafna sf. hefði fallist á að hann hefði þörf fyrir hafnarlóð af þessari stærð, en eins og greini í gr. 7.2. í lóðarleigusamningi hafi leigusali heimild til að beita forkaupsrétti við framsal á lóðarleiguréttinum. Sbr. ofangreint hafi ástæður fyrir því að stefnandi átti þess ekki kost að kaupa lóðina í samræmi við samkomulagið verið aðrar en þær sem haldið sé fram í málatilbúnaði stefnanda. Stefnandi hafi því ekki sýnt fram á með neinum raunhæfum hætti að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni.

Hvað varðar kröfu stefnanda um að stefndu verði dæmdir til að greiða honum þann málskostnað sem honum var dæmdur í héraðsdómsmálinu nr. E-2078/2008: Guðmundur Ágúst Ingvarsson gegn R. Sigmundssyni ehf., séu í stefnu ekki tilgreindar neinar ástæður í því sambandi á hverju stefnandi byggir þessa kröfu sína, og krafan því vanreifud, en að sjálfsögðu beri stefndu ekki persónulega ábyrgð hvað varðar skuldir R.S. reksturs ehf. (áður R. Sigmundssonar ehf.). Að öðru leyti vísist til þess er greini að ofan um að skilyrði skaðabótaábyrgðar skorti alfarið í málinu.

Ef svo ólíklega fari að dómurinn fallist ekki á ofangreindar málsástæður stefnda, en telji að stefnandi hafi orðið fyrir einhverju því tjóni er stefndi Haraldur beri bótaábyrgð á, byggir stefndi í varakröfu á því að skaðabótakröfur stefnanda beri að lækka stórlega. Beri þar m.a. að lækka kröfur stefnanda á þeim grundvelli að lóðinni hafi einungis að 50% hluta verið úthlutað til Vélasölnunnar ehf.

Stefndi mótmæli alfarið sönnunargildi matsgerðar hr. Óskars R. Harðarsonar, hdl. og lögg. fasteignasala, og hr. Arnars Ívars Sigurbjörnssonar, húsasmíðameistara og matstækis, dags. 4. desember 2007, enda hafi stefndi Haraldur ekki verið aðili að því matsmáli. Stefndi hafi því ekki gefist færi á að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum á framfæri áður en matið fór fram. Jafnframt mótmæli stefndi Haraldur því að dómsniðurstaða héraðsdóms í héraðsdómsmálinu nr. E-2078/2008: Guðmundur Ágúst Ingvarsson gegn R. Sigmundsson ehf., hafi nokkurt sönnunargildi um meint tjón stefnanda, gagnvart stefnda, enda stefndi Haraldur ekki aðili að því dómsmáli. Það að stefnandi vísi um sönnun varðandi meint tjón sitt til umrædds héraðsdóms og þess að þegar hafi verið dæmt um það, sýni augljóslega nauðsyn þess að stefndu væru aðilar að því dómsmáli ef stefnandi vildi, auk viðsemjanda síns R. Sigmundssonar ehf., jafnframt beina skaðabótakröfum að stefndu vegna viðskiptanna, þ.e. þess sakarefnis sem þar hafi verið fjallað um.

Þá mótmæli stefndi því sérstaklega í varakröfunni að hann geti borið ábyrgð á málskostnaði er R. Sigmundssyni ehf. var gert að greiða stefnanda samkvæmt umræddum héraðsdómi í máli nr. E-2078/2008, enda ekki við stefnda að sakast að stefnandi kjósi að höfða málin í tvennu lagi.

Mótmælt sé dráttarvaxtakröfum stefnanda. Stefnandi hafi ekki beint kröfum að stefnda Haraldi fyrir en með stefnu í máli þessu. Verði kröfur stefnanda á hendur stefnda Haraldi að einhverju leyti teknar til greina sé á því byggt að dráttarvextir geti fyrst reiknast þegar mánuður sé liðinn frá stefnubirtingardegi, enda stefnda ekki kynnt kröfugerð stefnanda fyrir en þá, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Um lagarök vísi stefndi m.a. til reglna félagaréttar og laga nr. 138/1994 um einkahlutafélag, reglna einkamálaréttar og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála einkum 2. mgr. 116. gr. og 1. og 2. mgr. 18. gr. þeirra laga. Þá sé vísað til 16. gr. sömu laga varðandi aðildarskort.

Vísað sé til reglna skaðabótaréttar og þeirra skilyrða sem gerð séu fyrir bótaskyldu, svo og um tjón og orsakasamband. Vísað sé til skilmála Faxaflóahafna sf. er gilt hafi við úthlutun lóðarinnar og aðalskipulags er gildi fyrir svæðið. Þá sé vísað til IX. kafla laga nr. 91/1991 um matsgerðir. Loks sé vísað til 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Málskostnaðarkrafa byggi á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert skylt að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili og beri honum því nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnanda.

Niðurstaða

Hinn 30. desember 2005 gerðu stefnandi og eiginkona hans kaupsamning við einkahlutafélagið R. Sigmundsson ehf. þar sem þau seldu félaginu allt hlutfé í einkahlutafélagi sínu, Bliku rekstrarfélagi ehf. Aðaleign hins selda félags var 76,27% hlutur í Vélasölnunni ehf., Reykjavík. Samhliða kaupsamningi var gert sérstakt samkomulag milli aðila. Í 2. tl. samkomulagsins segir m.a. að við kaupsamning verði gerður samningur milli Vélasölnunnar og Guðmundar Ingvarssonar þess efnis að Guðmundur fái kauprétt að lóð sem Vélasölnunni kunnir að verða úthlutað. Lóðarumsókn lá þá fyrir hjá Faxaflóahöfnum. Skyldi stefnandi greiða sama verð fyrir lóðina, ef til kæmi, eins og Vélasalan ehf. þyrfti að greiða fyrir hana.

Samningar um þetta voru undirritaðir af stefndu fyrir hönd kaupandans.

Stefnandi höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur R. Sigmundssyni ehf. til greiðslu efnabóta vegna vanefnda félagsins á samkomulagi um kauprétt stefnanda að lóðinni nr. 25 við Klettagarða. Niðurstaða þess dómsmáls var sú að félagið R. Sigmundsson ehf., hefði vanefnt ákvæði samkomulags sem gert

var 30. desember 2005, sem fjallaði um kauprétt stefnanda að umræddri lóð, og var félagið dæmt til þess að greiða stefnanda 32.181.237 krónur í efndabætur. Dómur var kveðinn upp í því máli 10. febrúar 2009.

Áður en þessi dómur var upp kveðinn hafði nafni félagsins verið breytt í R.S rekstur ehf. Jafnframt hafði félagið verið tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi kveðst hafa lýst kröfu sinni samkvæmt dóminum í þrotabúið en engar eignir reynst vera fyrir hendi í búinu.

Stefnandi hefur nú höfðað mál þetta á hendur stefndu til greiðslu sömu fjárhæðar og honum var dæmd í hinu fyrra máli, auk málskostnaðar sem stefnanda var dæmdur í málinu. Mál þetta er höfðað á hendur stefndu persónulega og krefst stefnandi skaðabóta úr hendi stefndu þar sem þeir hafi með ólögmætum og saknæmum hætti valdið því að eign sem hafi átt að standa stefnanda til ráðstöfunar samkvæmt samningi hafi verið haldið frá honum og ráðstafað í þágu annarra.

Í máli þessu byggir stefnandi kröfur sínar á því að stefndu hafi, sem stjórnendur R. Sigmundssonar ehf., með ólögmætum og saknæmum hætti valdið því að eign sem honum hafi átt að standa til ráðstöfunar samkvæmt samningi hafi verið haldið frá honum og ráðstafað í þágu þriðja aðila, R.S fasteignafélags ehf. Þannig hafi hagur R. Sigmundssonar ehf. verið skertur mjög og hagsmunum stefnanda um leið stefnt í óefni. Með þessu hafi verið komið í veg fyrir að stefnandi gæti knúið fram efndir á kaupréttarsamkomulagi sínu og R. Sigmundssonar frá 30. desember 2005.

Stefndu hafi báðum verið fullkunnugt um öll atvik í málinu. Þeim hafi þess vegna verið, eða mátt vera, ljóst frá upphafi að með aðgerðum þeirra hafi verið verulega dregið úr líkum á því að stefnandi gæti knúið fram bótagreiðslur frá félaginu vegna vanefndanna. Telur stefnandi því að öll skilyrði skaðabótaskyldu stefndu séu uppfyllt.

Eins og greinir í úrskurði uppkveðnum í máli þessu 12. maí 2010, er ekki fallist á að dómur frá 10. febrúar 2009 sé bindandi um úrslit þessa máls, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 þar sem aðilar eru aðrir en í fyrra málinu, auk þess sem málsgrundvöllur er annar og ekki er um sömu kröfu að ræða. Af sömu ástæðu er ekki fallist á að stefnanda hafi verið skylt að stefna stefndu í hinu fyrra máli.

Samkvæmt útprentunum úr hlutfélagaskrá voru stefndu báðir skipaðir í stjórn Vélasölnunnar ehf. á fundi 17. janúar 2006. Þá voru þeir einnig skipaðir í stjórn R.S. fasteignafélags ehf. á fundi 6. júní 2006. Þá mun stefndi Einar hafa verið í stjórn R. Sigmundssonar ehf. og stefndi Haraldur verið framkvæmdastjóri félagsins. Samkvæmt tilkynningu hafnarstjóra til R. Sigmundssonar ehf., dags. 14. febrúar 2006, var lóðinni nr. 25 við Klettagarða úthlutað til Vélasölnunnar ehf. og R. Sigmundssonar ehf. Í ljósi þess verður að telja að báðir stefndu hafi komið að umsóknarferlinu og telst þeim því réttilega stefnt í málinu.

Fyrir liggur að frá árinu 2004 lá inni hjá Faxaflóahöfnum umsókn um lóð frá Vélasölnunni ehf. Í greinargerð stefnda, Einars, og í framburði stefnda, Haraldar, fyrir dómi, kemur fram að í leit félaganna að lóð fyrir reksturinn hafi komið fyrirspurn frá Faxaflóahöfnum sf. um það hvort félögin sameinuð hefðu áhuga á að leggja fram endurnýjaða umsókn um úthlutun á lóðinni nr. 25 við Klettagarða. Var

slík umsókn lögð fram og Vélasölnni ehf. og R. Sigmundssyni ehf. úthlutað lóðin, eins og áður segir. Af hálfu stefndu er því haldið fram að mat Faxaflóahafna sf. hafið verið það að Vélasalan ehf. ein og sér uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru varðandi starfsemi á lóðinni. Fær það stuðning í því að lóðinni var úthlutað til sameinaðs félags, Vélasölnnar ehf. og R. Sigmundssonar ehf.

Ljóst er að það var ekki á færi stefndu að ráðstafa lóðinni að Klettagörðum 25 heldur á hendi Faxaflóahafna sf. Í framburði Vignis Albertssonar, skipulagsfulltrúa Faxaflóahafna, í máli stefnanda gegn R. Sigmundssyni ehf., kom fram að samþykki Faxaflóahafna sf. þyrfti til þess að framselja lóð. Þá yrði einstaklingur eða fyrirtæki að sýna fram á að þeir falli undir þá skilgreiningu sem landnotkun á aðalskipulagi leyfði, þ.e. að um hafnsækna starfsemi væri að ræða á fyrirhugaðri lóð. Í 7. gr. lóðarleigusamnings milli Faxaflóahafna sf. og R.S. fasteignafélags ehf. kemur og skýrt fram að starfsemi kaupanda á lóðinni er háð takmörkunum þeim sem ákveðnar eru í 2. gr. samningsins en þar segir að lóðin sé leigð fyrir starfsemi leigutaka sem sé innflutningur, verslun með hafnsækna vöru o.fl. Stefnandi er einstaklingur og liggur ekkert fyrir um það hvaða starfsemi hann hefur með höndum eða hvort starfsemi á hans vegum uppfylli þau skilyrði sem Faxaflóahafnir sf. setja fyrir úthlutun lóðar. Hann hefur því ekki sýnt fram á að hann hefði getað nýtt þá lóð sem um ræðir og því ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Fyrir dómi bar stefndi, Haraldur Úlfarsson, að í aðdraganda að sameiningu félaganna R. Sigmundssonar ehf. Vélasölnnar ehf. og Radíómiðunar hafi verið farið í að leita að mögulegri staðsetningu þessara félaga sem höfðu verið með fimm starfsstöðvar í Reykjavík. Hafi nokkrir möguleikar verið skoðaðir með Faxaflóahöfnum sf. Í þessu ferli hafi verið haft samband frá Faxaflóahöfnum til þess að kanna hvort fyrirtækin ætluðu að láta frá sér lóðina við Klettagarða 25. Hafi þá verið ákveðið að endurnýja umsóknina um þessa lóð í nafni R. Sigmundssonar ehf. Í krafti þessa nýja félags hafi þeir fengið lóðinni úthlutað. Hryggjarsúlan í þessum fyrirtækjum hafi verið sjávarútvegur og starfsemin öll tengd hafnsækinni starfsemi.

Ekki hefur verið sýnt fram á annað í máli þessu en að athafnir stefndu í því ferli, að tryggja starfseminni lóð undir reksturinn, hafi verið viðskiptalegs eðlis. Með öllu er ósannað að athafnir þeirra að þessu leyti hafi verið ólögmatar eða saknæmar eða hafi beinst að því að koma í veg fyrir að stefnandi gæti knúið fram efndir á kaupréttarsamkomulagi sínu og R. Sigmundssonar ehf. frá 30. desember 2005.

Fyrir liggur að lóðinni var á endanum ráðstafað til R.S. fasteignafélags ehf. Af hálfu stefndu er komið fram að þetta félag hafi verið stofnað að tilmælum Frjálsa fjárfestingarbankans hf. til þess að auðvelda utanumhald á virðisaukaskatti er tilheyrði byggingarframkvæmdum og til að viðhalda aðgreiningu fjármuna er fóru til byggingarframkvæmdanna frá rekstarfjárhag félagsins. Af hálfu stefndu er fullyrt að R.S. fasteignafélag ehf. hafi verið 100% í eigu R. Sigmundssonar ehf. og hefur stefnandi ekki hnekt þeirri fullyrðingu. Er því ekki sýnt fram á af hálfu stefnanda að R. Sigmundsson ehf. hafi orðið fyrir fjártjóni er lóðinni var ráðstafað til R.S. fasteignafélags ehf.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á það í máli þessu að stefndu, sem stjórnendur félaganna Vélasölnnar ehf. og R. Sigmundssonar ehf., hafi, með saknæmum eða

ólögmætum hætti, bakað honum tjón eða komið í veg fyrir að hann gæti knúið fram bótagreiðslur frá félaginu. Þá hefur stefnandi heldur ekki sýnt fram á að stefndu beri persónulega ábyrgð á greiðslu þeirra skaðabóta er honum voru tildæmdar í máli sínu gegn R. Sigmundssyni ehf. og því heldur ekki málskostnaði er honum var tildæmdur í málinu.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað sem ákveðst 600.000 krónur til hvors þeirra um sig.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Einar Óskarsson og Haraldur Úlfarsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Guðmundar Ágústs Ingvarssonar.

Stefnandi greiði stefndu, hvorum um sig, 600.000 krónur í málskostnað

Kristjana Jónsdóttir